



Leikskólinn Lundaból
Garðabæ



GARÐABÆR

HLJÓÐAÞOKAR

“Lubbi finnur málbein”



Ásta Björk Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir

Heiti verkefnis: Hljóðapokar

Styrkþegi: Leikskólinn Lundaból

Verkefnisstjórar: Ásta Árnadóttir, leikskólakennari og Laufey Sigurðardóttir, leikskólakennari og sérkennslustjóri.

Ábyrgðarmaður: Björg Helga Geirsdóttir, leikskólastjóri.

Vorið 2018 fengum við úthlutað styrk frá Þróunarsjóði Garðabæjar til að vinna að þessu verkefni: Hljóðapokar.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Búa til áhugavert, skemmtilegt og lifandi námsefni sem nýtist í skipulögðum Lubbastundum á leikskólanum.
- Fá fræðslu fyrir starfsfólk leikskólans um námsefnið „Lubbi finnur málbein“ og innleiða það betur á allar deildar.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum, þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Við áttum til allt Lubba námsefnið, en það var keypt inn á leikskólann árið 2017. Við vorum því aðeins farnar að vinna með námsefnið. Við höfðum í upphafi fengið stutta kynningu á efninu frá talmeinafræðingi starfandi hjá Garðabæ.




Námsefnið sem fylgir heildarpakkanum „Lubbi finnur málbein“ er frábært. Okkur langaði þó til að gera meira, og útbúa aðgengilegt efni sem auðvelt væri að grípa í fyrir Lubbastundir, tilbúin spil, verkefni og leikir.

Eitt af markmiðum þessarar verkefnis var að fá fræðslu fyrir starfsfólk. Í september 2018 fengum við til okkar Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og kom hún á Lundaból með námskeið og fengum við góða kynningu og fræðslu um námsefnið. Verkefnastjórar fóru svo í framhaldi á dagsnámskeið hjá Eyrúnu og Þóru í Gerðubergi.

Við sáum kostinn við hljóðapokana vera þann að þarna væri samankomið á einn stað námsefni sem auðvelt væri að grípa með sér í Lubbastundir. Viðbót við skipulagt Lubbastarf á deildunum. Í pokunum vildum við því hafa verkefni, leiki og hluti sem tengjast hverju hljóði. Stundirnar ættu því að verða fjölbreyttari og auðvelda starfsfólki vinnuna.

Við byrjuðum á hugmyndavinnu, hvað við vildum hafa í pokunum. Fundum heilmargt á internetinu, afrituðum úr Lubba námsefninu og bjuggum til verkefni og spil.



Við keyptum poka til að nota í verkefnið og settum í þá jafnóðum og verkefni voru klár. Alls voru þetta 30 pokar sem við útbjuggum.

Í grunninn er svipað námsefni í öllum pokunum.

Verkefni sem við útbjuggum eru:

- Afrituðum efni úr Lubba námsefninu, bein til að merkja hvern poka, lag, saga, tákn og stórt bein.
- Fundum myndir á netinu sem við prentuðum út og notum í samstæðuspil, lottó, til að tengja saman tákn og hljóð/fyrsta staf.
- Verkefni af netinu sem við prentuðum út. Þetta eru þá verkefni eins og forskriftarverkefni, leirmottur, finna stafi/hljóð í orðum o.fl,
- Við útbjuggum verkefni sem við prentuðum út. Þar má nefna Lottó og samstæðuspil.



Öll verkefni, spil og myndir eru plöstuð inn svo þau varðveitist betur, kennarar ljósrita svo eintök.

Við báðum foreldra og starfsfólk leikskólans að safna með okkur smáhlutum til að nota í pokana. Það kom því miður ekki mikið út úr því, en eitthvað þó. Við hefðum viljað vera með meira af smáhlutum í pokunum, en það verður bara áframhaldandi verkefni að safna því.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:


Vegna óviðráðanlegra aðstæðna seinkaði framkvæmd verkefnisins svo hljóðapokarnir eru rétt núna á haustmánuðum að komast í notkun.

Þrátt fyrir þetta, náðum við að halda tímaramma varðandi fræðslu fyrir starfsfólk á námsefninu Lubbi finnur málbein og Lubba starfið inn á deildum fór á fullt síðasta haust og þar hafa kennararnir náð ótrúlegum árangri.

Mat á verkefninu:

Að útbúa þessa hljóðapoka hefur verið skemmtileg og fræðandi. Þrátt fyrir seinkun, þá hefur þetta gengið vel og teljum við að námsefnið komi til með að nýtast vel á deildunum.

Þó svo að þessu verkefni sé lokið, þá erum við ekki hættar að þróa pokana. Erum strax komnar með hugmyndir að fleiri verkefnum sem má bæta í.



Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks 300.000 kr

Laun:	200.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla:	43.300
Gögn:	56.700

Ávinningur fyrir skólastarfið:

Nú eru hljóðapokarnir að fara í notkun hjá okkur svo við sjáum ávinninginn betur eftir smá reynslutíma. Við eigum þó ekki von á öðru en að þetta auðgi starfið með Lubba og auðveldi starfsfólki vinnuna.